



# Hafnarfjörður

## Minnisblað lagt fyrir fund fjölskylduráðs 7. febrúar 2023

Fjölskyldu-og barnamálasviði hefur borist fyrirspurn frá fulltrúum Samfylkingar varðandi húsnæðismál Hafnarfjarðarbæjar. Beiðnin var lögð fram á fundi fjölskylduráðs þann 24. janúar sl.

### Félagslegar íbúðir

- 1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?**

*Þann 1. janúar sl. var Hafnarfjarðarbær með 282 íbúðir í félagslega kerfinu, þ.e. 271 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, 3 íbúðir framleigðar, 2 íbúðir frá Bjargi, 4 íbúðir leigðar af ÍLS og 2 íbúðir leigðar af Skarðshlíð íbúðarfélagi. Fjöldi Hafnfirðinga á skrá í janúar 2023 var 30.570 íbúar. Fjöldi íbúða á 1000 íbúa er 9,22.*

- 2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?**

*Í dag eru 190 umsóknir á biðlista þ.e. 103 umsóknir eru á bið eftir einstaklingsíbúð/2. herbergja og 87 umsóknir eru á bið eftir þriggja herb./stærri íbúð.*

- a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?**

*Það eru 74 umsóknir sem teljast í brýnni þörf og ná 8-10 stigum á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði*

- b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?**

*Meðalbiðtími umsókna á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ er um 10.4 mánuðir.*

- 3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fimm árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022. Hafnarfjarðarbær keypti**

Árið	2. herb.	3. herb.	4. herb.	Heildarfjöldi
2018	8	4	2	14
2019	6	0	1	7
2020	2	1	0	3
2021	2	1	0	3
2022	1	2	0	3



# Hafnarfjörður

## Íbúðir fyrir fatlað fólk

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?  
*35 – sú tala er fyrir utan þá sem búa á herbergjaheimili*

- a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?
  - 14

- b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

- 44 mánuðir þann 01.01.2023 eða 3,6 ár
- (til samanburðar voru það 75 mánuðir eða 6,25 ár 01.01.2022).

2. Hversu margir einstaklingar eru í búsetuúrræðum í dag sem ekki teljast fullnægjandi, þ.e. svokölluðum herbergjaheimilum? Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að ekki skuli haldið áfram að nýta slíkt búsetuúrræði.

- 17+3=20 búa í herbergjum
  - 17 búa í herbergi í húsnæði þar sem 4-5 búa saman. Hver og einn með sitt herbergið, sumir með sér baðherbergi en annað er sameiginlegt svo sem eldhús stofa o.þ.h.
  - 3 búa í einu húsi sem er með blönduðu fyrirkomulagi þ.e. 2 eru með íbúð og 3 eru í 20m<sup>2</sup> herbergi með sér baðherbergi.

3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?

- Engar íbúðir í kjarna eru í byggingu en ein lóð er tilbúin fyrir kjarna.
  - Tryggja þarf fjármagn í fjárhagsáætlun svo hægt sé að halda áfram með næstu skref sem eru útboð og teikningar.
- Almenn félagslegt húsnæði er ætlað fyrir fatlað- sem ófatlað fólk og því ekki merkt sérstaklega.

- a. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk verða teknar í notkun á yfirstandandi ári?

- Einn flutti í janúar 2023 í tímabundið húsnæði á Andrastöðum á Kjalarnesi annað liggur ekki ljóst fyrir.
- Almenn félagslegt húsnæði er ætlað fyrir fatlað- sem ófatlað fólk og því ekki merkt sérstaklega.

4. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fimm árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022.

- Almenn félagslegt húsnæði er ætlað fyrir fatlað fólk sem ófatlað og því ekki merkt eða talið sérstaklega hve margar nýjar íbúðir fara til fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.
- Þó ekki sé hafin bygging á húsnæði þá tekur tíma allt það ferli sem fer fram áður en hægt er að hefja byggingu húsnæðis. Svo sem að finna lóð, vinna að skipulagi, útboði, teikningum og svo framvegis.



# Hafnarfjörður

- Árið 2018
  - Enginn Kjarni í byggingu en unnið var að undirbúningi og skipulagi vegna nokkurra íbúðakjarna.
- Árið 2019
  - Unnið var að undirbúningi og skipulagi vegna nokkurra íbúðakjarna.
  - Arnarhraun 50 - Skóflustunga 18.03.2019.
  - Öldugata 45 - Skóflustunga 27. 09. 2019.
- Árið 2020
  - Unnið var að undirbúningi og skipulagi vegna nokkurra íbúðakjarna.
  - Arnarhraun 50 - Fyrsti íbúinn flytur inn 17.08.2020
  - Smyrlahraun – Búið að tryggja lóð fyrir íbúðakjarna.
- Árið 2021
  - Unnið var að undirbúningi og skipulagi vegna nokkurra íbúðakjarna.
  - Stuðlaskarð 2 - Skóflustunga í 28. feb. 2021
  - Öldugata 45 - Fyrsti íbúinn flytur inn 26.05.2021
  - Andrastaðir - Skóflustunga 17. maí 2021 (frá 2017 fundir v. Andrastaða)
- Árið 2022
  - Stuðlaskarð 2 – Fyrsti íbúinn flytur inn 27.02.2022
  - Íbúi frá Hafnarfirði flytur á Andrastaði í nóv. 2022 í tímabundna búsetu
- Árið 2023
  - Seinni Íbúinn frá Hafnarfirði flytur á Andrastað á Kjalarnesi í janúar 2023 í tímabundna búsetu

## Almennar íbúðir

### 1. Hafa einhverjar íbúðir verið byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarfélagas sl. 5 ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022?

Á árinu 2018 var gengið frá samningi um stofnframlag fyrir búsetukjarnann Arnarhrauni, er sá búsetukjarni fyrir 6 íbúa, og var hann tekinn í notkun 2020 og á árinu 2021 voru allir íbúar komnir inn. Sama ár var gengið frá samningi um stofnframlag vegna búsetukjarna við Öldugötu, er sá búsetukjarni fyrir 6 íbúa og var hann tekinn í notkun árið 2021. Einnig á árinu 2018 var gengið frá samningi um stofnframlag vegna íbúða við Hádegisskarð og Drangskarð, alls 12 íbúðir og þar af 10 í almennri leigu fyrir næstlægsta tekjufjórðunginn og tvær íbúðir fyrir félagslega kerfið. Þessar íbúðir voru teknar í notkun í lok árs 2019.

Óhagnaðardrifin félög í eigu Hafnarfjarðarbæjar byggðu þessar íbúðir.

Á árinu 2019 var gengið frá samningi við Bjarg íbúðarfélag fyrir 148 íbúðir, búið er að taka 32 íbúðir í notkun, leigusamningar um eignirnar eru frá janúar 2023, af þessum 32 íbúðum eru tvær íbúðir í



## Hafnarfjörður

*félagslega kerfinu. Gert er ráð fyrir að Bjarg afhendi 116 íbúðir til leigjenda á þessu ári, þar af er samningur við Hafnarfjarðarbæ um 7 íbúðir fyrir félagslega kerfið.*

*Búsetukjarni í Stuðlaskarði fékk stofnframlag á árinu 2020, er sá búsetukjarni fyrir 6 íbúa og var hann tekinn í notkun 2022.*

*Þá hafa verið veitt stofnframlög til að kaupa 16 íbúðir á vegum Húsnæðisskrifstofu frá 2019, sbr. töflu um kaup á félagslegum eignum. Í lokinn fékk Brynja hússjóður ÖBÍ stofnframlag á árinu 2022, til að kaupa 10 íbúðir á árinu 2022 og 2023, fyrir fólk sem er að nýta úrræði Brynju.*

### **2. Hefur Hafnarfjarðarbær veitt stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrifnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir á sama tíma? já**

**a. Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga? 204 íbúðir. Ekki hafa borist upplýsingar frá hagdeild sveitarfélagsins varðandi samanlagða fjárhæð veittra stofnframlaga.**

### **3. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag og hvert er hlutfall íbúða á vegum óhagnaðardrifinna félaga?**

*Á framkvæmdarstigi eru um 1000 íbúðir, það sem er í byggingu í óhagnaðardrifnum félögum eru 116 íbúðir, eða í kringum 12%.*

### **4. Hversu margar stúdentaíbúðir hafa verið byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022.**

*Hafnarfjarðarbær er ekki með félagslegt leiguhúsnæði sem er sérstaklega ætlað námsmönnum. Leigufélög sem byggja stúdentaíbúðir hafa ekki sótt um lóðir hjá Hafnarfjarðarbæ á síðustu árum.*

### **5. Hversu margar íbúðir fyrir eldri borgara hafa verið byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022.**

*Ekki hefur verið úthlutað sérstaklega íbúðir fyrir eldri borgara á þessum árum, en í Hamranesi horfa byggingarfélög sem eru með íbúðir í byggingu mikið til eldri borgara og eru íbúðir hannaðar miðað við þeirra þarfir og eru væntanlegar til sölu á þessu ári og næstu tveimur árum.*

Hafnarfirði, 6. febrúar 2023

Hrönn Hilmarsdóttir deildarstjóri,  
Sigurður Haraldsson sviðsstjóri  
og Soffía Ólafsdóttir deildarstjóri